DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2562 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 2. september 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Njálurefillinn fær varanlegt sýningarrými

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í dag að veita 25 milljónum króna af ráðstöfunarfé sínu til þess að koma hinum svokallaða Njálurefli fyrir í varanlegu sýningarhúsnæði í Rangárþingi Eystra. Refillinn er 90 metra langur hördúkur þar sem Njálssaga er saumuð með refilsaumi.

Verkið hefur verið unnið í sjálfboðavinnu síðastliðin ár, einkum af konum í Rangárþingi, en hönnuður þess er Kristín Ragna Gunnarsdóttir, teiknari og listamaður. Verkefninu, sem lýkur í ár, er ætlað að varðveita á sérstæðan hátt menningararfleið héraðsins og skapa verk sem hefur aðdráttarafl fyrir þá ferðamenn sem hafa áhuga á Íslendingasögunum, listum og handavinnu.

Njála er ein þekktasta fornsaga Íslendinga og margir erlendir ferðamenn og fræðimenn gera sér ferð til landsins til að skoða sögusvið sögunnar á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að kostnaður við að hanna sýninguna og koma henni upp sé um 50 m.kr. og var óskað eftir þátttöku ríkisins í verkefninu. Það er sveitarfélagið Rangárþing eystra sem er eigandi að, og hefur umsjón með Njálureflinum.

Ólafur áttfaldur Íslandsmeistari

FRJÁLSAR Fjórir keppendur af sambandssvæði HSK tóku þátt í Meistaramóti öldunga í frjálsum sem fram fór í Hafnarfirði 22.- 23. ágúst sl.

Það bar helst til tíðinda á mótinu að Ólafur Guðmundsson úr Umf. Selfoss hlaut átta gullverðlaun og ein silfurverðlaun á mótinu í flokki 50-54 ára karla. Auk þess setti hann níu HSK-met í sínum aldursflokki. Ólafur hljóp 100 m á 13,26 sek. og bætti fimm ára gamalt met Guðmundar Nikulássonar um tæpa sekúndu. Þá stökk hann 1,55 m í hástökki og bætti sextán ára gamalt met Jasonar Ívarssonar um 8 sm. Ólafur tvíbætti HSK-metið í langstökki þegar hann stökk 5,18 m og síðan 5,29 m en metið í þessum flokki átti Hreinn Erlendsson og var það 4,60 m, sett árið 1986. Einnig bætti Ólafur 31 árs gamalt met Ólafs Unnsteinssonar í kúluvarpi um 28 sm, kastaði 12,72 m en bætti svo um betur og kastaði 12,91 m. Þá tvíbætti hann héraðsmetið í spjótkasti, sem hann átti sjálfur, kastaði lengst 41,82. Að síðustu bætti Ólafur eigið met í lóðkasti um 27 sm, kastaði 14,53 m.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands gert kleift að opna 4 rými fyrir líknandi meðferð

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að tryggja Heilbrigðisstofnun Suðurlands aukið fjármagn til að koma á fót fjórum rýmum þar sem unnt verður að veita líknar- og lífslokameðferð. Ákvörðunin er í samræmi við tillögur starfshóps um framtíðarskipan líknarþjónustu á Íslandi, þar sem lagt er til að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni setji á fót líknarrými til að veita almenna líknarmeðferð fyrir íbúa umdæmisins sem þess þurfa með. Þetta er jafnframt liður í aðgerðum til að draga úr vanda bráðamóttöku Landspítala, samanber tillögur átakshóps þess efnis fyrr á árinu, og bæta um leið aðbúnað sjúklinga sem þurfa á líknar- og lífslokameðferð að halda við lok lífs og aðstandenda þeirra.

Samhliða opnun rýmanna verður komið á fót ráðgefandi líknarteymi við stofnunina sem mun styðja við líknarþjónustu í umdæminu. Teyminu er ætlað að stýra meðferð sjúklinga sem leggjast þar inn og vera til stuðnings fyrir hjúkrunarfræðinga og lækna í heilsugæslu og á hjúkrunarheimilum.

Vonir standa til að með þessu megi styðja betur við líknarþjónustu í heimabyggð í samræmi við áherslur heilbrigðisstefnu til ársins 2030 um að veita rétta þjónustu á réttum stað. Þetta er jafnframt mikilvægur liður í því að tryggja betur mannhelgi og virðingu fyrir mannlegri reisn við hjúkrun og umönnun fólks sem nálgast lífslok heldur en unnt er að gera í biðrýmum eða hefðbundnum sjúkrarýmum.

Líknarrýmin verða rekin í tengslum við þau 18 rými sem rekin eru við sjúkradeildina á Selfossi og er stefnt að því að þau verði opnuð síðar á þessu ári. Áætlaður árlegur viðbótarkostnaður vegna þessarar þjónustu nemur 43 milljónum króna.

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

Dúndurnámskeið fyrir líkama og sál með úrvals fólki

Ef ekki nú þá hvenær skal hlúa að sér og sínu og koma sterkari út úr því sem árið 2020 hefur haft fram að færa fram til þessa? Hópurinn SWIPE club samanstendur af fólki úr ólíkum áttum sem ætlar sér að aðstoða fólk við ýmsa þætti sem snúa að heilsunni. Námskeiðin eru á netinu og því hægt um vik að koma sér fyrir í sófanum heima og hlusta á það sem fram fer.

Ólíkur hópur en styrkurinn liggur einmitt þar

Gunna Stella, pistlahöfundurinn okkar vinsæli, er ein af þeim sem starfar í hópnum og mun verða með námskeiðið Hugarró heima. Það var samið í kjölfar þess að vera heima með fjögur börn og fjögur fósturbörn í miðju Covid-19. Við fengum Gunnu Stellu til að segja okkur nánar frá.

Hópurinn saman stendur af Ásdísi Hjálmsdóttur, Ernu Kristínu, Nökkva Fjalari, Sölva Tryggvasyni, Rafni Franklín og mér. Námskeiðin er hægt að taka stök eða kaupa pakka þar sem öll námskeiðin eru undir. Til dæmis er Ásdís með námskeiðið Náðu árangri, það er farið djúpt í allt sem viðkemur því að ná árangri, en hún hefur mikla reynslu á því sviði. Þá er Sölvi Tryggva

Skjáskot af www.swipeclub.is

Gunna Stella. Mynd: Helga Guðrún Lárusdóttir.

með námskeið sem heitir Betri heilsa og innihaldsríkara líf. Þar er farið yfir lykilatriði þegar kemur að andlegri og líkamlegri heilsu þar sem það er einfaldlega útskýrt hvernig hugur og líkami vinna saman.

„Styrkurinn liggur einmitt í því hvað við erum ólík. Allt námið miðar að því að bæta verkfærum í skúffuna okkar þannig að okkur líð betur í eigin skinni. Það er svo mikilvægt, sér í lagi þegar margir eru að upplifa kvíða eða óöryggi í ástandinu sem er í dag. Það sem er síðan það besta við þetta allt er hve aðgengilegt það er því þetta er gert í stuttum myndböndum, fjölda fyrirlestra og öðrum námsgögnum. Allt sem þú getur gert á eigin hraða þegar þér hentar," segir Gunna Stella að lokum.

Námskeiðin eru á hausttilboði um þessar mundir. Nánari upplýsingar á síðunni minni gunnastella.is og á swipeclub.is.

Hrós vikunnar

Birkir Víðisson
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Birkir Víðisson

Hrós dagsins fær enginn annar en Árni Evert, vinur minn til margra ára. Ekki nóg með það að hann sé ný útskrifaður þyrluflugmaður, þá hefur hann síðast liðið ár unnið að framkvæmdum á drauma húsinu og samhliða því staðið sig prýðilega sem nýbakaður faðir. Hann á stórt hrós skilið, enda tekst hann á við allt sem á vegi hans verður.

Birkir Víðisson

Ég skora á Árna að koma með hrós í næstu viku!

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Árni, sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)

Vinkonukvöld Soroptimista fellur niður

Fyrirhugað vinkonukvöld Soroptimistaklúbbs Suðurlands, sem er orðið hefðbundið að halda á hverju hausti við miklar vinsældir og átti að vera 18. september næstkomandi, fellur því miður niður í ár. Ástæðuna geta bæði vinkonur og almennir lesendur gert sér í hugarlund; það er Covid-19 sem enn veldur óvissu og usla.

Þetta er sérstaklega bagalegt fyrir Soroptimista á Suðurlandi, því vinkonukvöldið hefur verið helsta tekjulind klúbbsins. Hefur ágóði kvöldsins runnið til samfélagslegra verkefna á Suðurlandi í samvinnu við félagsþjónustu sveitarfélaganna á svæðinu.

Einnig stóð til að halda fjölmennan haustfund Soroptimista á landsvísu á Hótel Stracta síðar í haust, en hann hefur nú verið blásinn af og færður yfir í netheima.

Soroptimistar á Suðurlandi sem og soroptimistar um allt land leita nú leiða til að láta gott af sér leiða í þágu barna, kvenna og jafnréttis í samfélagi okkar þótt Covid-19 hafi þrengt um hefðbundnar leiðir til þess. Enn sem fyrr er eitt slagorða þeirra: Bætum heiminn - breytum heima! Sjáumst að ári!

Forsmekkurinn af flóðinu í Bókakaffinu

Þrátt fyrir ýmiskonar mótlæti er Menningarsumrinu í Bókakaffinu hvergi nærri lokið, en sunnudaginn 6. september verður upplestur undir yfirskriftinni *Áður en flóðið kemur*. Sama fyrirkomulag verður og á fyrri viðburðum menningarsumarsins, lesið tvisvar sinnum kl. 14 og 15. Í ljósi hertra samkomutakmarkana verða fjöldatakmarkanir á lestrana strangari en áður. Einungis eru 12 miðar í boði á hvorn upplestur og nauðsynlegt að panta miða hjá Hörpu Rún í síma 868 5196 eða með pósti á netfangið harparunholum@gmail.com.

Aðgangur er eftir sem áður ókeypis og kaffi í boði.

Upplesturinn er einskonar forsmekkur á jólabókaflóðið og tilvalið að byrja snemma á að kynna sér hvað er þar í boði. Þeir kumpánar Bjarni Harðarson og Guðmundur Brynjólfsson munu fara á sínum hefðbundnu kostum og kynna síðustu bækur þríleikja sinna. Bjarni lokar gullhreppahringnum með *Síðustu dögum Skálholts*, en Guðmundur heldur sig nær ströndinni í *Síðasta barninu*.

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir fer með lesendum sínum norður yfir heiðar í bókinni *Aldrei nema kona* sem notið hefur mikilla vinsælda. Vilborg Davíðsdóttir efnir síðan heit sitt og kemur aftur og les úr bókinni sem hún sýndi okkur brot úr í fyrra. Traustir upplestrargestir muna að Vilborg las þar í fyrsta sinn opinberlega úr verki í vinnslu og hét á Bókakaffið að ljúka bókinni innan árs. Bókin er væntanleg í lok október og eiga gestir vísast von á góðu að skyggnast á ný í heim skáldsins.

Tónlistarflutningur verður að þessu sinni í höndum Gunnlaugs Bjarnasonar, baritonsöngvara og við píanóið verður Hafsteinn Rúnar Jónsson. Þeir félagar munu flytja ljóðasöngva sem tengjast ám eftir bandarísku tónskáldin Aaron Copland og Charles Ives.

Vegna fjöldatakmarkana verður hægt að fylgjast með seinni upplestrinum í streymi á Facebook-síðu viðburðarins, Menningarsumarið í Bókakaffinu. Fólk er hvatt til að tryggja sér miða tímanlega, því mjög takmarkaður sætafjöldi er í boði.

FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Verslun Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Verslun Hvolsvöllur
Ormsvöllur 2
570 9850

Opnunartími verslana:
Virka daga: 9:00-18:00
Laugardagar: 10:00-14:00 á Hvolsvelli

Haustverkin hafin og uppskeran í hús

Við fengum Auði I. Ottesen, hjá *Sumarhúsinu og garðinum* til þess að senda okkur pistil fyrir þá sem hafa græna fingur, eða langar til þess að hafa græna fingur. Auður hefur þann hæfileika að geta grætt græna fingur á næstum hvaða garðböðul sem er og lumar á ófáum ráðum um garða, plöntur og nytjajurtir af hvaða tagi sem er. Gefum Auði orðið:

Sumarið hefur verið hreint út sagt ótrúlegt, veðurblíðan þakkarverð. Útiveran á góðvirðisdögum hefur gert mann hraustlegan og húðin hefur skipt um lit. Vöxtur á gróðri hefur verið þokkalegur og uppskera góð. Í vor og fram á sumar blómstruði öll tré , runnar og fjölæru plöntnurnar mikið og er það að þakka góðu sumri 2019. Sumarnæturnar í júní og fram í júlí voru svalar og hefur það haft áhrif á lengdarvöx trjánna sem er um fjórðungi minni en í fyrra.

Uppskeran í hús

Við sem ræktum grænmeti, krydd og skrúðmeti erum lukkunnar pamfílar. Haustið er sá tími sem húsið fyllist af grænmeti. Kartöflurnar fara í rimlakassa og eru geymdar í bílskúrnum þar sem hitinn fer ekki niður fyrir 4°C. Gulrætur og annað rótargrænmeti er sett í kassa umlukið sandi og geymast á sama stað. Káltegundir sýð ég niður og frysti; gufusýð í 2-4 mínútur og snöggkæli undir kaldri vatnsbunu áður en ég set í krukkur og box og set í frysti. Stilksellerí þurrfrysti ég og nota svo í morgundrykkinn en uppistaðan í drykknum er salat, banani og lárpera. Í sumar hef ég verið að gera tilraun með að frysta salatið því nóg er af því enn í garðinum. Sú aðferð sem reynist mér best er að setja salatið með vatni í blandarann, tæta það í spað og frysta síðan löginn í krukku. Síðan þegar ég ætla að nota það þá læt ég það þiðna þangað til frosinn klumpurinn losnar úr krukkunni og er hann þá settur í blandarann sem uppistaðan í morgundrykknum. Krydd ýmist þurrka ég eða frysti í vatnsteningum. Fátt jafnast á við góðan vetraforða og aðgengi að eigin grænmeti.

Nammi gott með salati og eggjasnafs

Er ég var barn útbjó móðir mín heimsins besta sumarrétt sem við systkinin höfðum mikið dálæti á. Eggjasnafssúrmjólk með salati og ávöxtum. Þeir sem hafa ræktað salat í sumar ættu að prófa og nóg er úrvalið af salati í verslunum þessa dagana. Það sem mamma notaði í réttinn var höfuð af blaðsalati, 2 egg sem voru hrærð með 2 matskeiðum af sykri þar til blandan var freyðandi og 7 dl. af súrmjólk. Auk þessa allskyns ávextir sem til eru hverju sinni. Brytjað salat er sett í fallega víða skál, súrmjólkur eggjasnafsi er helt yfir og ofaná eru sett bláber, epli, vínber eða þeir ávextir sem þér þykja bestir.

Góður tími til að gróðursetja

Gróðursetning og flutningur á trjám, runnum og jurtkenndum fjölærum plöntum er heppilegur á meðan plantan er ekki í örum vexti. Ólafur Njálsson garðyrkjusérfræðingur segir 110% ávinning af því að gróðursetja plöntur er fer að hausta. Ástæðan er sú að seinni part sumars og á haustin vaxa rætur plantna einna mest. Ofanvöxtur er hættur, öll næring sem framleidd er í blöðunum fer niður í rætur. Ástæðan er svo ekki síður sú að á vorin er gróður tilbúinn að vaxa strax og hlýnar í mars, apríl og maí sem er það forskot sem skilar sér í betri sumarvexti plöntunnar. Notið endilega góðviðrisdagana í lok ágúst og september til að gróðursetja. Ekki þarf að vökva eftir gróðursetningu á þessum árstíma, rigningin sér um vökvunina. Haustið er líka góður tími til að taka fjölæringa upp sem hafa vaxið vel, skipta þeim og planta aftur. Það sem af gengur er alltaf þakkarverð gjöf til vina og vandamanna.

Sveppagró á flögri á haustin

Sveppagró, sem eru smitberar fjölmargra sveppasjúkdóma í gróðri, berast með loftinu síðsumars og á haustin. Því er óheppilegt að klippa trjágróður og runna því sveppir eiga greiða leið í opin sár sem gróa ekki að fullu fyrr en nýtt vaxtartímabil hefst næsta vor. Heppilegast er að klippa trjágróður seinni hluta vetrar og snemma á vorin, frá febrúar og fram í byrjun maí.

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

FSu fær jafnlaunavottun

Unnið var að jafnlaunavottun við FSu á sl. skólaári. Það voru skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri sem báru hita og þunga af þeirri vinnu sem reyndist mjög lærdómsrík fyrir alla hlutaðeigandi. Unnið var með systurskólunum FS, FB, og FÁ sem einnig unnu að innleiðingu jafnlaunavottunar. Margrét Sanders frá Strategíu var ráðgjafi skólanna og var mikill fengur af henni segir í tilkynningu frá skólanum. Skólinn fékk viðurkennda vottun frá Icert vottunarstofu í júní sl. Það var Sigurður M. Harðarson sem var úttektarstjóri, þegar tími var kominn til að loka vinnunni. Það er krafa um að endurskoðun sé gerð reglulega til að hægt sé að viðurkenna jafnlaunavottun stofnana. Næsta úttekt verður að ári. Óútskýrður launamunur við FSu reyndist vera 3,5% sem gefur stofnuninni tilefni til að rýna gögnin áður en næsta úttekt verður gerð að ári. Vottunin var kynnt á starfsmannafundi skólans sem fram fór þann 14. ágúst sl.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnarp@prentmet.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er kisu enda á.
Ýmsir mig á diskinn fá.
Mig sem langa lest má sjá,
og litla stúlku afa hjá.

Svar við gátu í blaði nr. 2561: KROSS.
1. lína: Kross á leiði - 2. lína: Kross á altaristöflu
3. lína: Riddara kross - 4. lína: Voltakross

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur Vikunnar er Ágúst Jensson

Já! Þakka þér meistari Páll fyrir áskorunina, (veit þú reiknar með pylsum og brenndum frönskum). Auðvitað kem ég með eitthvað sem ekki getur klikkað og hver sem er getur gert að veislu, snýst um hráefni en ekki hæfileika! Ekki get ég heldur verið þekktur fyrir að koma með annað en afurðir úr eigin framleiðslu.

Ærkjöt

Ærkjöt er vanmetið hráefni. Hjá okkur sauðfjárbændum eru alltaf nokkar ær á ári sem þarf að fella á besta aldri. Máli skiptir að þær séu feitar svo kjötið haldi mýkt sinni. Framparturinn fer í hakk, lærin úrbeinuð í gúllas og grillsneiðar og hryggur úrbeinaður til steikingar eða grillunar. Of mikil fitusnyrting er til skaða! Krydd þurfa ekki að vera af flóknari sortinni, salt og pipar er það eina sem þarf á bæði lamba og ærkjöt, til hátíðarbrigða má nota smá oregano.

Grillaður hryggvöðvi

Kjötið tekið úr frysti með u.þ.b þriggja daga fyrirvara og látið þiðna og geymt í kæli. Kryddinu sallað yfir vöðvana með smá fyrirvara og þeir látnir ná umhverfishita! Grillið fírað vel upp og hreinsað, ef ske kynni að á því hafi óæðra kjöt verið brasað síðast sem spillt gæti bæði upplifun og bragði.
Hryggvöðvana er þægilegt að hafa í u.þ.b. 15 cm lengd, nægir það oft einum manni, þó er vissara að áætla 2 stk. á mann. Þeim er svo einfaldlega skellt á grillið og velt þar til eftir smekk. Litlar líkur eru á að ofgrilla, en óþarft er að brenna. Þarna spilar fitan stórt hlutverk í því að kjötið haldi gæðum og eldamennskan skemmi ekki máltíðina.

Meðlæti

Ekki skulum við heldur flækja það og sjóðum slatta af kartöflum, 5 á mann ef þær eru litlar annars 2-3. Smjör á þær þegar á diskinn er komið. Sultusletta, annðhvort rabba eða rifs skiptir ekki máli hvort heldur er. Brún piparsósa er líka ágæt með en engin nauðsyn, kannski gott fyrir þá sem vilja vesenast aðeins meira í þessu.

Eftirréttur

Ekki er nú þörf á eftirmat eftir þessar kræsingar en ágætt að kæla sig niður með Emmess rjómaís á eftir. Með honum er gott að bræða niður Mars súkkulaðistykki, hræra saman við smá rjóma og nota sem sósu á ísinn.

Til slíkrar máltíðar er nauðsynlegt að bjóða slatta af fólki til að fleiri geti dásamað afurðir íslensku sauðkindarinnar. Verði svo öllum að góðu!

Skora á Guðmund Inga Arnarson bónda og áhættufíkil í Úthlíð. Hef oft komið þar með fullan bíl af fólki og étið þar allt sem tönn á festir af dýrindis kræsingum!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Afreks – og styrktarsjóður Sveitarfélagsins Ölfuss

Íþrótta – og tómstundanefnd Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsir styrki úr Afreks – og styrktarsjóði Sveitarfélagsins Ölfuss. Markmið sjóðsins er m.a. að veita afreksíþróttafólki í hóp/einstaklingsíþróttum í Sveitarfélaginu Ölfusi fjárhagslegan styrk vegna æfinga og/eða keppni, og þannig skapa sem best tækifæri til að stunda íþrótt sína í heimabyggð eða annarstaðar eftir atvikum. Einnig eru veittir styrkir vegna menntunar þjálfara/leiðbeinenda. Úthlutun styrkja fer fram í október nk. Sótt er um styrkinn rafrænt á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss Umsóknir um styrki úr sjóðnum þurfa að berast fyrir 1. október næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Ragnar Sigurðsson Íþrótta – og tómstundafulltrúi.

ÖLFUS

Háhraði á Hellu!

Vertu með 5G heimanet hjá Nova á Hellu, þú bara stingur í samband og streymir á ofurhraða!

5G

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?
Ný störf auglýst í hverri viku!
www.dfs.is/atvinna/

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

RAGNAR BRAGI JÓHANNESSON
frá Ásakoti,
Biskupstungum,

lést á sjúkrahúsinu á Selfossi 15. ágúst.
Útför fór fram laugardaginn 22. ágúst í kyrrþey að hans ósk.

Eygló Jóhannesdóttir,

Hallveig Ragnarsdóttir	**Magnús Halldórsson**
Kristján Ragnarsson	**Hallveig Ragnarsdóttir**
Hjalti Ragnarsson	**Camilla Ólafsdóttir**
Margrét Ragnarsdóttir	**Arnar Sigurðsson**
Jóhannes Arnar Ragnarsson	**Helga Sigurðardóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

HUPPU VANTAR
starfsfólk
á dagvaktir
FARIÐ ER MEÐ ALLAR UMSÓKNIR SEM TRÚNAÐARGÖGN
Á SELFOSSI FRÁ KL. 13.00
Sendið ferilskrá
SELFOSS - umsoknselfoss@gmail.com

BLÓMABORG
HVERAGERÐI
Sími 483 4225
20% afsláttur
af öllum vörum 4.-5. sept.
iittala
Bitz

Langar mjög að eignast Prinsessuna sem átti 365 kjóla

segir lestrarhesturinn Rannveig ANNA Jónsdóttir

Rannveig ANNA Jónsdóttir er stofnandi Konubókastofu á Eyrarbakka. Hún er alin upp í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu en býr núna í gömlu húsi á Eyrarbakka. Lærði og lauk BA gráðu í bókmenntafræði frá Háskóla Íslands og MA gráðu í fagurfræði og menningu frá háskólanum í Árósum í Danaveldi. Anna er gift Þorvaldi Halldóri Gunnarssyni aðstoðarskólastjóra í Vallaskóla á Selfossi og móðir Halldóru Guðlaugar og Hallgerðar Freyju. Aðal áhugamál hennar eru menningarmál af ýmsu tagi, lestur, matargerð og ferðalög innanlands og erlendis.

Rannveig ANNA Jónsdóttir

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að lesa nokkrar bækur með mismunandi aðferðum. Var að klára bókina *Sumar í París* eftir Söru Morgan. Langaði að lesa eina rómantíska bók sem reyndi lítið á kollinn og hún uppfyllti alveg þær kröfur. Verst hvað mig langar ennþá meira til Parísar eftir lesturinn og væri örugglega búin að kaupa miða ef aðstæður í heiminum væru öðruvísi. Fór þangað árið 1989 og alltaf langað aftur. Svo er ég að hlusta á bókina *Dóttirin* eftir Anne Birkefeldt Ragde, seinustu bókina um Neshov-fólkið í Noregi. Þar að auki er ég með eina rafbók sem ég les á dönsku en það er *Tabíta* eftir Iben Mondrup. Dönsk vinkona mín mælti með þeirri bók sem fjallar um Dani sem ættleiða grænlensk systkini í kringum 1960 og hvernig líf þeirra þróast í Danmörku. Átakanleg saga um nýlendutíma Dana í Grænlandi. Bók sem er afskaplega vel skrifuð. Glæpasögur eru hins vegar þær bækur sem ég les mest, svona ef þær eru ekki of ljótar. Aðstæður mínar eru þannig að ég þarf oft að halda kyrru fyrir og snemma fór ég að nota bækur til þess. Ef þær eru nógu spennandi get ég haldið mér á mottunni og einbeint mér að lestri í stað þess að vera að gera eitthvað annað. Þegar ég er þreytt á glæpasögunum fer ég í bækur sem ég hef heyrt um eða lesið um eða einhver hefur mælt með og þær geta verið af ýmsum toga. Mér finnst til dæmis gaman að lesa bækur sem lýsa lífi fólks í öðrum löndum sem er ein af ástæðunum fyrir því að ég fór í bókmenntafræði. Þar las ég franskar, þýskar, slavneskar, norrænar, suður amerískar og bækur frá Nýja Sjálandi til dæmis. Svo les ég töluvert á dönsku til að halda málinu við eftir að hafa búið þar í níu ár.

Var bóklestur hluti af uppeldinu?

Já, það var lesið fyrir mig en ég fór snemma að lesa sjálf og man varla eftir mér öðruvísi en lesandi. Það var mjög mikið lesið í kringum mig og talað um bækur. Það var mikill gestagangur hjá pabba og mömmu í sveitinni og oft var rætt um bækur. Skólaljóðin voru í miklu uppáhaldi og eru enn og þar fyrir utan var ég alltaf mjög hrifin af Línu Langsokk. Heillaðist af svona ákveðinni stelpu sem lét ekkert stoppa sig. Ég var í heimavistarskóla sem heitir Húnavellir og man mikið eftir mér hlaupandi inn í herbergi í frímínútum þar sem ég las þó svo frímínúturnar væru oft bara í 10 mínútur. Í skólanum var fínt bókasafn sem ég nýtti vel. Seinna las ég svo fyrir stelpurnar mínar og hætti ekki fyrr en þær voru löngu orðnar læsar. Þetta var svo notaleg stund að ég vildi ekki hætta. Uppáhalds bækurnar mínar voru *Lína Langsokkur* og *Prinsessan sem átti 365 kjóla*. Ég á Línu ennþá en hef leitað og leitað að seinni bókinni á fornsölum en ekki fundið hana. Langar mikið að eignast þá bók.

Eitthvað sem einkennir lestrarvenjur þínar?

Yfirleitt les ég áður en ég fer að sofa og eins þegar ég þarf að hvíla mig yfir daginn. Les þá eða horfi á þætti í sjónvarpinu eða tölvunni. Ég þarf að venja mig betur við að hlusta á bækur, er ekki alveg komin upp á lagið með það en er að æfa mig. Öfunda mömmu sem hlustar á hverja bókina á fætur annarri og prjónar eða saumar á meðan.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Ég á nokkra uppáhaldshöfunda og það hljómar kannski fyrirsjánlegt en ég held mikið upp á Gerði Kristnýju, Auði Jónsdóttur, Auði Övu, Jónínu Leósdóttur, Guðrúnu Evu Mínervudóttur og Sólveigu Pálsdóttur. Þær segja svo mikið í sínum bókum og skapa svo flottar persónur. Held líka mikið upp á Sjón. *Skugga Baldur* er í miklu uppáhaldi. Svo missi ég ekki af neinum bókum eftir Yrsu og Lilju Sigurðardætur. Hvílist vel við að lesa þær þar sem ég get yfirleitt ekki hætt fyrr en sögunum er lokið. Ég er að kynnast verkum Fríðu Ísberg og fleirum af yngri höfundunum og hlakka mikið til. Í háskólanum kynntist ég verkum Shakespeare og held mikið upp á þau. Amma lánaði mér peninga til að kaupa ritsafn hans áður en ég byrjaði í háskólanáminu og mér finnst mjög vænt um það. Kíki öðru hvoru í bækurnar bara til að lesa eina og eina setningu. Hljómurinn er svo fallegur.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Bækur hafa mjög oft rænt mig svefni og hef ég leyft þeim það. Man ekki eftir jólanóttum sem ég hef ekki vakað framundir morgun við lestur. Þegar ég var unglingur kepptumst ég og systir mín um að lesa sem mest yfir jólanóttina og vöknuðum síðan eftir lesturinn þegar langt var liðið á jóladag.

En að lokum Anna, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Barnabækur væri gaman að skrifa. Mig hefur lengi dreymt um að skrifa bók um stelpu sem þarf að lifa við það að vera alltaf með verki. Samt ekki ævisögu. En ég er bara viss um að ég sé ekki nógu góður penni til að skrifa bækur. Kannski þegar ég verð stór.

Lestrarhestur númer 99.
Umsjón Jón Özur Snorrason

Ríkisábyrgð á Icelandair

Birgir Þórarinsson

þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi

Fjárlaganefnd Alþingis fjallar nú um ríkisábyrgð til handa Icelandair Group upp á 15 milljarða króna vegna tekjufalls fyrirtækisins í tengslum við veirufaraldurinn. Málið kemur til afgreiðslu á Alþingi í þessari viku.

Árið 2020 er versta ár í sögu flugrekstrar í heiminum. Telja má afrek að félagið hafi staðið af sér þá storma sem hafa geisað undanfarna mánuði. Fram undan er fjárhagsleg endurskipulagning og öflun nýs hlutafjár til að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækisins. Aðkoma ríkisins er háð því að fullnægjandi árangur náist í þeim efnum. Mikilvægir áfangar eru nú þegar í höfn. Búið er að semja við allar flugstéttir og gilda samningar til 2025. Félagið hefur fengið greiddar skaðabætur frá Boeing-flugframleiðandanum vegna svonefndra MAX-véla. Auk þess hefur félagið náð mikilvægum samningum við lánveitendur.

Lánafyrirgreiðsla ríkisins er ætluð til þrautavara. Ekki er víst að hún verði nýtt og vonandi þarf ekki að koma til þess. Fyrirtækið getur farið inn í sumarið 2021 án þess að draga á lánsheimild ríkisins. Það var rekið með hagnaði árin 2011 til 2018 og á árunum 2011 – 2019 skilaði það 3 milljörðum króna í ríkissjóð. Lausafjárstaða félagsins var sterk fyrir veirufaraldurinn. Mikilvægt er að hafa þetta í huga frá sjónarhóli skattgreiðenda. Lánsheimildin er nauðsynleg svo takist að safna því hlutafé sem þarf til að tryggja reksturinn. Stjórnvöld taka mikla áhættu ef ekki verður af stuðningi ríkisins í formi lánsheimildar. Margt getur tapast fyrir þjóðarbúið ef félagið yrði gjaldþrota. Umfang þess er mikið í íslensku hagkerfi. Það er tæknilega flókið að endurreisa gjaldþrota félag. Margt tapast í því ferli.

Innan fyrirtækisins er mikill mannauður. Þar starfar fólk sem hefur lagt mikið á sig til þess að gera veg þess sem mestan. Það hefur á að skipa mikilvægri þekkingu og reynslu, sem mun skipta sköpum í því að viðspyrnan verði öflug þegar veirufaraldrinum lýkur. Þetta skiptir miklu máli fyrir samfélagið.

Hlutverk ríkisins mjög mikilvægt

Við Íslendingar erum verulega háðir flugsamgöngum og meira en margar aðrar þjóðir. Ísland er eyland, sem á allt undir því að hér ríki traustar og samfelldar samgöngur fyrir vöru- og fólksflutninga. Hér er um ríka samfélagslega hagsmuni að ræða. Auk þess umtalsverða beina fjárhagslega hagsmuni fyrir fjölda launafólks og fyrirtækja. Árið 2019 voru rúmlega 4700 stöðugildi hjá fyrirtækinu. Þær raddir hafa heyrst, meðal annars á Alþingi, að fyrirgreiðsla ríkisins eigi að vera í formi hlutafjár í fyrirtækinu eða ríkið eigi jafnvel að taka það yfir. Þessu er ég ósammála. Hlutafjárleiðin er áhættusöm. Saga opinbers eignarhalds í flugfélögum er ekki uppörvandi. Þetta sýnir reynslan frá flestum nágrannalöndum.

Með lánsheimildinni er verið er að skapa grundvöll fyrir því að fjárfestar vilji koma að félaginu á erfiðum tímum. Það hefur afleiðingar ef stjórnvöld sitja aðgerðalaust hjá.

Hlutverk ríkisins er mjög mikilvægt.

Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi og situr í fjárlaganefnd Alþingis.

Guðjón Halldór Óskarsson er sveitarlistamaður Rangárþings eystra 2020

Guðjón Halldór hlýtur viðurkenningu fyrir óeigingjörn störf sín við að byggja upp öflugt tónlistarlíf í Rangárþingi og að miðla þekkingu sinni og reynslu til nemenda á öllum aldri. Guðjón Halldór er kennari við Tónlistarskóla Rangæinga ásamt því að stjórna m.a. Karlakór Rangæinga, Öðlingunum og Kammerkór Rangæinga. Hann er organisti og stjórnandi kirkjukóra í nokkrum kirkjum í Rangárvallasýslu. Guðjón Halldór hefur einnig tekið þátt í hinum ýmsu verkum sem sett hafa verið upp og flutt síðastliðin ár og ekki má gleyma hans hlut í því að gleðja landann á Covid tímum þar sem hann sá um píanóleik þegar þær Miðtúnssystur sungu fyrir alþjóð gegnum netið. Harpa Mjöll Kjartansdóttir, formaður menningarnefndar Rangárþings eystra, afhenti Guðjóni Halldóri viðurkenningarskjal og blómvönd í dag af þessu tilefni.

Áður en flóðið kemur
— forsmekkurinn að jólabókaflóðinu

Bókakaffið
Selfossi

6. sept. kl. 14.00 og 15.00

Fram koma:
- BJARNI HARÐARSON
- GUÐMUNDUR S. BRYNJÓLFSSON
- SVEINBJÖRG SVEINBJÖRNSDÓTTIR
- VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR
- Gunnlaugur Bjarnason og Hafsteinn Rúnar Jónsson flytja bandarísk sönglög

AÐGANGUR ÓKEYPIS
en takmarkað sætaframboð
og **panta verður sæti**

Miðapantanir:
Sími **868 5196** eða
harparunholum@gmail.com

Auglýsing um skipulagsmál í Ölfusi

ÖLFUS

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss á norðursvæði
Á 280 fundi Bæjarstjórnar Ölfuss 25. 6. 2020 sl., var samþykkt að auglýsa breytingu á aðalskipulagi í reit Í-6 í samræmi við 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting aðalskipulags felst í því að íbúðum í reit Í-6 í Þorlákshöfn er fjölgað úr 51 í 75 og þéttleiki byggðar eykst úr 9,4 íb/ha í 13,8 íb/ha. Tillagan liggur frammi til kynningar á sveitarskrifstofu Ölfuss að Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn frá 2. ágúst – 16. október. Frestur til að gera athugasemdir er frá 2. september til 16. október 2020. Skila má athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss, Hafnarberg 1, eða rafrænt á skipulag@olfus.is.

Auglýsing um fjórar deiliskipulagstillögur í Þorlákshöfn og dreifbýli Ölfuss

Deiliskipulagsbreyting á norðursvæði í Þorlákshöfn
Á 280 fundi Bæjarstjórnar Ölfuss 25. 6. 2020 sl., var samþykkt að auglýsa breytingu á aðalskipulagi í reit Í-6 í samræmi við 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Breyting deiliskipulagsins tekur að mestu til húsagerðar og lóðaskiptingar en aðrir þættir eru einnig endurskoðaðir svo sem lóðarmörk, bílastæðafjöldi og gönguleiðir.

Deiliskipulagsbreyting Mánastaðir 2 - 4 / Kambastaðir í Ölfusi
Á 282 fundi Bæjarstjórnar Ölfuss 27. 8. 2020 sl., var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi vegna Mánastaða 1 og 2 í samræmi við 1. málsgrein 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin fellst í því að Mánastöðum 2 sem er stærsta lóðin er skipt upp í 4 lóðir, þrjár fyrir íbúðarhús og gestahús og eina fyrir sorpflokkun.

Deiliskipulag fyrir Dimmustaði í Ölfusi
Á 282 fundi Bæjarstjórnar Ölfuss 27. 8. 2020 sl., var samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Dimmustaða 2 í samræmi við 1. málsgrein 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gert er ráð fyrir 4 lóðum á landinu og markaðir byggingarreitir fyrir íbúðarhús, bílskúr og gestahús. Samtals er hámarks byggingamagn 300 fermetrar á hverri lóð.

Deiliskipulag fyrir Stóra Saurbæ 3 í Ölfusi
Á 282 fundi Bæjarstjórnar Ölfuss 27. 8. 2020 sl., var samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Stóra Saurbæjar 3 í samræmi við 1. málsgrein 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Landið er 4 ha að stærð og er því skipt í 3 lóðir í tillögunni. Á því er eldra íbúðarhús og nokkur úthús. Markaðir eru byggingarreitir fyrir ný íbúðarhús, frístundahús, bílskúra, skemmur og úthús.

Tillögurnar liggja frammi til kynningar á sveitarskrifstofu Ölfuss að Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn frá 26. ágúst – 9. október.

Frestur til að gera athugasemdir er frá 2. september til 16. október 2020. Skila má athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss, Hafnarberg 1, eða rafrænt á skipulag@olfus.is.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss

íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Selfyssingar fyrstir til að leggja Breiðablik

Tveir góðir sigrar í Pepsi Max deildinni

KNATTSPYRNA Selfoss vann tvo góða sigra í Pepsi Max-deildinni í seinustu viku. Fyrri leikurinn var á útivelli gegn toppliði Breiðabliks og seinni leikurinn á heimavelli gegn botnliði FH.

Selfoss varð fyrsta liðið til að leggja Breiðablik af velli í sumar í hörkuleik á Kópavogsvelli. Heimakonur leiddu í hálfleik en Dagný Brynjarsdóttir og Barbára Sól Gísladóttir tryggðu Selfyssingum sigur í síðari hálfleik. Voru þetta jafnframt fyrstu mörkin sem toppliðið fær á sig í sumar.

Stelpurnar unnu FH á heimavelli á laugardag. Eina mark leiksins skoraði Tiffany McCarty á 36. mínútu eftir aukaspyrnu frá vinstri og skalla frá Karítas Tómasdóttur.

Með sigrinum komust Selfyssingar upp í þriðja sæti deildarinnar með 16 stig. Stelpurnar taka á móti Val í Mjólkurbikarnum á morgun, fimmtudag, kl. 17 en næsti leikur í deildinni er á heimavelli gegn Stjörnunni á sunnudag, kl. 16.

Tiffany McCarty tryggði Selfyssingum sigur með góðu marki. Ljósmynd af fésbókarsíðu knattspyrnudeildar Selfoss.

Selfyssingar upp í annað sæti

KNATTSPYRNA Selfoss sótti þrjú stig norður á Húsavík þegar liðið mætti Völsungi í 2. deild karla á laugardag.

Markalaust var þegar dómari leiksins flautaði til hálfleiks en það var Kenan Turudija sem skoraði sigurmark Selfyssinga á 65. mínútu með hnitmiðuðu skoti eftir sendingu frá Hrvoje Tokic.

Fjórir sigurleikir í röð hjá liðinu þýðir að liðið er komið upp í annað sæti deildarinnar með 25 stig eftir 12 umferðir. Næsti leikur liðsins er í dag gegn Haukum á JÁVERK-vellinum kl. 17:30.

Selfyssingar stilltu sér upp við Goðafoss á leiðinni heim frá Húsavík. Á myndina vantar Einar Ottó Antonsson, Þormar Elvarsson og Reyni Frey Sveinsson og að sjálfsögðu manninn á bakvið myndavélina, Jón Karl Jónsson, sem sér til þess að liðið komist á leiki og aftur heim viku eftir viku. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JKJ

Fimmtán Selfyssingar æfa með yngri landsliðum

HANDBOLTI Yngri landslið HSÍ komu saman til æfinga í sumar eins og venjan er. Selfyssingar áttu fimmtán fulltrúa í æfingahópum U-16 ára landsliðs karla og kvenna, U-18 ára landsliðs karla og kvenna og U-20 ára landsliðs karla þetta sumarið. Þá er ótalinn sá fjöldi Selfyssinga sem eiga sæti í A- og B-landsliðum karla og kvenna. *-esó*

F.v eru Guðjón Baldur Ómarsson (U-20), Tryggvi Þórisson (U-18), Ísak Gústafsson (U-18), Alexander Hrafnkelsson (U-20), Elvar Elí Hallgrímsson (U-18), Daníel Þór Reynisson (U-16), Sæþór Atlason (U-16), Tinna Sigurrós Traustadóttir (U-16), Lena Ósk Jónsdóttir (U-16), Hugrún Tinna Róbertsdóttir (U-16), Hans Jörgen Ólafsson (U-16)og Gabríel Ágústsson (U-16). Á myndina vantar Hólmfríði Örnu Steinsdóttur (U-18), Reyni Frey Sveinsson (U-18) og Einar Gunnar Gunnlaugsson (U-16). Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG

Vetrarstarf Umf. Selfoss

UMF. SELFOSS Samhliða því að skólarnir hefja göngu sína rúllar vetrarstarf Umf. Selfoss af stað. Skráning er í fullum gangi á skráningar- og greiðslusíðunni Nóra á slóðinni selfoss.felog.is þar sem hægt er að dreifa greiðslum og nýta frístundastyrk Sveitarfélagsins Árborgar með því að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli.

Allar nánari upplýsingar um þjálfara, æfingatíma og æfingagjöld allra deilda má finna á vefsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net. Vinsamlegast athugið að rétt netfang verður að vera skráð í Nóra til að upplýsingar komist til skila.

Aníta tekur við fimleikadeild Hamars í Hveragerði

FIMLEIKAR Aníta Líf Aradóttir hefur tekið við af Söndru Sigurðardóttur sem yfirþjálfari fimleikadeildar Hamars. Hún er með B.Sc. í Íþróttafræði og leggur nú stund á M.Sc. í Íþrótta- og heilsufræði. Þá hefur hún jafnframt sótt fjölmörg námskeið hjá Fimleikasambandi Íslands. Aníta hefur þjálfað hópfimleika í 18 ár og var valin sem landsliðsþjálfari fyrir EM 2018 í hópfimleikum hjá blönduðu liði unglinga. Hún hefur áður starfað sem yfirþjálfari bæði hjá Stjörnunni og Hetti.

Aníta æfði sjálf fimleika í 22 ár en æfir núna og þjálfar Crossfit og ólympískar lyftingar. Hún hefur keppt á mótum erlendis í báðum greinum þar með talið NM, EM og HM, auk regionals í liði.

Aníta hefur brennandi áhuga á fimleikum og er með metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir fimleikana í Hveragerði. Við bjóðum Anítu velkomna aftur í heim í Hveragerði og í fimleikadeildina. Jafnframt viljum við þakka Söndru Sigurðardóttur innlega fyrir vel unnin störf í þágu deildarinnar síðustu ár.

Gyða og Eric Íslandsmeistarar

MÓTOKROSS Fjórða og síðasta umferð Íslandsmótsins fór fram í Bolaöldu þann 29. ágúst.

Í kvennaflokki sigraði Gyða Dögg Heiðarsdóttir örugglega og tryggði sér því Íslandsmeistaratitilinn í kvennaflokk með fullt hús stiga, Ásta Petrea Hannesdóttir varð í fjórða sæti. Í flokknum MX2 varð Alexander Adam í fjórða sæti og með því tryggði hann sér þriðja sæti til Íslandsmeistara. Frábær árangur hjá honum í sumar.

Í 85 cc flokknum var hörkubarátta um fyrsta sætið og réðust úrslit ekki fyrr en í síðasta moto dagsins þar sem Eric Máni Guðmundsson sigraði og Eiður Orri Pálsson lenti í öðru sæti.

Óskum við þeim öllum innilega til hamingju með góðan árangur í keppnum sumarsins.

Eric Máni (nr. 24) og Eiður Orri (nr. 29) börðust um sigur í 85 cc flokki.

Gyða Dögg vann öruggan sigur í kvennaflokki. Ljósmyndir frá foreldrum og þjálfurum Umf. Selfoss

HSK bikarmeistari í frjálsum

FRJÁLSAR Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri fór fram á Selfossi sl. laugardag. Sjö lið frá sex félögum kepptu um Bikarmeistartitilinn. Í heildarstigakeppninni sigraði A-lið HSK en HSK hefur sigrað þessa keppni fjórum sinnum á síðustu fimm árum.

HSK-A sigraði með 110 stig, í öðru sæti varð Ármann með 103 stig og í þriðja sæti varð Breiðablik með 96 stig. B lið HSK varð í fimmta sæti með 65 stig.

Nokkur HSK met voru sett á mótinu og eitt Íslandsmet var jafnað. Það gerði Ísold Assa Guðmundsdóttir, en hún tryggði sér bikarmeistaratitilinn þegar hún stökk 1,63 í hástökki og jafnaði 44 ára gamalt met í 13 ára flokki. Þetta er HSK met í hennar flokki, en Eva María átti fyrra metið sem var 1,61 m.

Þorvaldur Gauti Hafsteinsson bætti 54 ára gamalt HSK met Sigmundar Stefánssonar í 1.500 m hlaupi 13 ára. Hann vann hlaupið örugglega á tímanum 4;46,01 mín. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson bætti spjótkastmetið í 12 ára aldursflokki með 600 gr. spjóti, kastaði 31,05 m. Jón Arnar Magnússon átti gamla metið, 30,60 m sett 1981.

Keppendur HSK unnu fleiri bikartitla á mótinu, Daníel Brekar Elvarsson og Bríet Anna Heiðarsdóttir unnu bæði í spjótkasti, Álfrún Dilja Kristínardóttir vann kúluna og Árbjörg Sunna Markúsdóttir sigraði í kringlukasti.

Daníel Breki bætti Íslandsmetið í spjóti

FRJÁLSAR Daníel Breki Elvarsson, 14 ára frjálsíþróttamaður úr Umf. Selfoss, bætti Íslandsmetið í spjótkasti í sínum aldursflokki með 700 gr. spjóti á frjálsíþróttamóti á Selfossi þann 12. ágúst sl.

Daníel Breki kastaði spjótinu lengst 42,93 metra og bætti þar með níu ára gamalt Íslandsmet Styrmis Dan Steinunnarsonar úr Þór Þorlákshöfn. Gamla metið var 41,18 metrar, sett árið 2011. Þetta er að sjálfsögðu einnig HSK met í sama aldursflokki.

Álfrún Dilja tvíbætti Íslandsmetið í sleggju

FRJÁLSAR Álfrún Dilja Kristínardóttir úr Umf. Selfoss setti tvö landsmet með 3 kg sleggju í flokki 14 ára stúlkna á tveimur mótum á Selfossi með þriggja daga millibili á dögunum.

Á Slúttmóti Selfoss 19. ágúst kastaði hún lengst 40,40 metra og bætti átta ára Íslandsmet Fríðu Bjarkar Einarsdóttur úr UFA um átta sentimetra. Hún bætti jafnframt HSK metið í 15 ára flokki sem Jónóna Guðný Jóhannsdóttir átti og met Thelmu Bjarkar Einarsdóttur í 16-17 flokki féll einnig.

Álfrún lét ekki þar við sitja, en þremur dögum síðar bætti hún eigið landsmet í sleggjunni, kastaði 41,05 m. Sl. laugardag bætti hún svo HSK met sitt með 4 kg sleggju á kastmóti í Reykjavík, kastaði 33,10 m.

Álfrún hefur bætt árangur sinn jafnt og þétt undanfarnar vikur og hefur samtals sett 21 HSK met í sleggjukasti í sumar.

Fleiri HSK met voru sett á Selfossmótunum. Eydís Arna Birgisdóttir bætti metið í 200 m hlaupi 13 ára, hljóp á 28,23 sek.

Héraðsmót fatlaðra í golfi

GOLF Héraðsmót í golfi fatlaðra fór fram á Selsvelli á Flúðum þann 25. ágúst. 11 keppendur mættu til leiks.

Í kvennaflokki tryggði Telma Þorbjörnsdóttir sér HSK meistaratitilinn. Sigríður Erna Kristinsdóttir varð önnur og María Sigurjónsdóttir varð í þriðja sæti.

Í karlaflokki varð Bjarni Friðrik Ófeigsson HSK meistari, Eðvald Huginn Hólmarsson varð í öðru sæti og Árni Bárðarson vann bronsverðlaun.

SELFOSS KARFA

KOMDU Í KÖRFU!

Hægt er hafa samband við Karl Ágúst Hannibalsson, yfirþjálfara yngri flokka fyrir nánari upplýsingar, sími 865 2856 eða kallikrulla@gmail.com Slóð inná æfingatíma allra yngri flokka má sjá hér að neðan.

*Ef æft er líka á Selfossi gengur þessi upphæð upp í verðið fyrir veturinn skv. gjaldskrá viðkomandi flokks.

Hægt er að nýta frístundastyrk Árborgar við greiðslu á æfingagjöldum hjá öllum flokkum hjá Selfoss Körfu.

ÆFINGATÍMAR MINNIBOLTA

Minnibolti 5-11 ára kvenna (2015-2009)
Þriðjudagar kl. 16:35-17:25
Miðvikudagar kl. 16:10-17:00
Föstudagar kl. 15:20-16:10
Verð fyrir veturinn 44.000 kr.

Minnibolti 5-7 ára karla (2015-2013)
Þriðjudagar kl. 16:35-17:25
Miðvikudagar kl. 16:10-17:00
Föstudagar kl. 16:10-17:00
Verð fyrir veturinn 44.000 kr.

Minnibolti 8-9 ára karla (2012-2011)
Þriðjudagar kl. 15:45-16:35
Miðvikudagar kl. 14:30-15:20
Föstudagar kl. 14:30-15:20
Verð fyrir veturinn 44.000 kr.

Minnibolti 10-11 ára karla (2010-2009)
Mánudagar kl. 15:50-16:40
Miðvikudagar kl. 15:20-16:10
Föstudagar kl. 15:20-16:10
Laugardagar kl. 09:00-10:00
Verð fyrir veturinn 54.000 kr.

Æfingar Eyrabakka fyrir minnibolta bæði kyn
Mánudagar kl. 16:30-17:20
*Verð fyrir veturinn 15.000 kr.**

www.selfosskarfa.is/yngri-flokkar/aefingatimar-yngri-flokka/

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TIL LEIGU

Stúdíóíbúð til leigu
Lítil, splunkuný íbúð til leigu í 10 mín. akstursleið frá Selfossi. Reglusemi skilyrði. Uppl í síma 899 8152.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
SKÁLINN
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn meðhöndlun
Áttund
Yoga Nidra byrjar 7. sept. kl. 17.
Netnámskeið 3. sept.
Ragnhildur Sigurðardóttir farsími 693 2197

Cand.mag. í íþróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.

Markmiðið að auka hamingju Sunnlendinga

Hamingjulestin hóf ferð sína um Suðurlandið í byrjun sumars með hamingju Sunnlendinga fyrir stafni. Um er að ræða einskonar regnhlíf yfir fræðslu og verkefni sem hafa það að markmiði að stuðla að geðheilbrigði og aukinni hamingju á meðal íbúa á Suðurlandi. Þetta er áhersluverkefni nýrrar Sóknaráætlunar Suðurlands en eitt markmiða hennar er að auka hamingju Sunnlendinga um 5% fyrir árið 2025.

Hamingjuráðherrar sveitarfélaganna og „hamingjusami Sunnlendingurinn"

Þriggja manna teymi var sett saman í byrjun árs til þess að móta verkefnið og í framhaldi voru tilnefndir svokallaðir hamingjuráðherrar, einn úr hverju sveitarfélagi á Suðurlandi. Hamingjuráðherra þjónar sem tengiliður Hamingjulestarinnar við íbúa síns sveitarfélags, miðlar gleðifréttum úr sínu samfélagi og vekur athygli á verkefninu. Á vefnum hamingjulestin.is má finna fróðleik, pistla og gleðifréttir en vinsælasti liðurinn er vafalaust Hamingjusami Sunnlendingurinn, vikuleg viðtöl við Sunnlendinga sem gefa af sér gleði og jákvæða sýn á lífið.

Framtíðarsýn Hamingjulestarinnar er að vinna markvisst að verkefnum og fræðslu er við kemur hamingju allra aldurs- og samfélagshópa á Suðurlandi með ólíkum áherslum, allt eftir því hvað hentar hverjum hóp. Á facebook síðu Hamingjulestarinnar er reglulega bent á viðburði, veffyrirlestra og námskeið sem standa til boða og því eru sem flestir hvattir til að smella like á síðuna og fylgjast með!

30 metra markið nálgast

Sitkagrenið á Klaustri, sem borið hefur titilinn hæsta tré landsins undanfarin ár, vex um hálfan metra á ári. Að óbreyttu nær það 30 metra hæð sumarið 2022. Metingur hefur verið með Sunnlendingum og Austfirðingum um hvorir eigi hæstu öspina á Íslandi. Þótt Sunnlendingar geti státað af hæsta sitkagreninu verða þeir að bíta í það súra með öspina. Sú hæsta er á Hallormsstað og hefur náð yfir 26 metra hæð.

Björn, Hjördís og Sverrir við hæsta tré landsins að lokinni mælingu í síðustu viku. Ljósmynd: Hjördís Jónsdóttir

Hæðarmælingar skemmtilegt hliðarverkefni

Hæðarmælingar á trjám eru skemmtilegt hliðarverkefni mælingaflokka Mógilsár, rannsóknasviðs Skógræktarinnar, sem fara um á hverju sumri og afla ýmiss konar gagna um vöxt, viðgang og útbreiðslu skóglendis á landinu. Gögn úr þeim mælingum eru meðal annars send Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna undir merkjum Íslenskrar skógarúttektar og út frá þeim gefin út binding íslensku skóganna. En alltaf er forvitnilegt að fylgjast með því hvar hæstu tré landsins af mismunandi tegundum er að finna.

20 metra klúbburinn stækkar

Alls hafa nú tíu trjátegundir náð tuttugu metra hæð einhvers staðar á Íslandi. Rússalerki var fyrsta tegundin sem náði þessari hæð en fljótlega bættist við bæði alaskaösp og sitkagreni. Aðrar tegundir sem náð hafa 20 metrum svo vitað sé eru blágreni, evrópulerki, stafafura, degli, rauðgreni, fjallaþinur og álmur. Fimm til viðbótar ættu að ná tuttugu metra hæð á næstu árum. Það eru skógarfura, hengibirki, gráelri, blæelri og askur. Um þetta fjallar Þröstur Eysteinsson í Ársriti Skógræktarinnar sem kemur út innan tíðar.

Björn Traustason sérfræðingur var á ferð um Austur- og Suðurland nú í mánuðinum ásamt tveimur sumarstarfsmönnum Mógilsár, Hjördísi Jónsdóttur, og Sverri Baldri Torfasyni. Hjördís er góður ljósmyndari og tók meðfylgjandi mynd á Kirkjubæjarklaustri þar sem mæld voru hávaxin tré að þessu sinni.

Austurland með hæstu öspina

Hæsta öspin á Íslandi er samkvæmt þessum mælingum alaskaösp sem stendur við Hjalla á Hallormsstað. Hún mældist í síðustu viku 26,11 metrar á hæð og er um 80 sentímetrum hærri en hæsta öspin sem hópurinn fann í Múlakoti. Góðlátlegur metingur hefur verið milli sunnan- og austanmanna um hvorir ættu hæstu öspina en nú þurfa Sunnlendingar að leita vel ef þeir þykjast geta fundið enn hærri ösp.

Ekki verður hins vegar tekið af Sunnlendingum að geta montað sig af hæsta tré landsins. Og ekki nóg með það því þar er líka að finna hæsta álminn á landinu sem vitað er um. Það er myndarlegt tré sem margt trjááhugafólk hefur lagt leið sína í Múlakot til að skoða. Þessi álmur er nú kominn í hóp þeirra trjáa sem náð hafa 20 metra hæð á landinu. Hann var gróðursettur um 1939 og mun vera ættaður frá Beiarn í Noregi. Hæð þess mælist nú 20,54 metrar og þvermál í brjósthæð 526 millímetrar.

Hæsta tréð hækkar áfram og hækkar

Stolt Sunnlendinga og raunar landsmanna allra er hins vegar sitkagrenið stóra í skógarlundinum á Kirkjubæjarklaustri sem mælst hefur hæsta tré landsins um árabil. Það var gróðursett 1949. Vöxtur trésins hefur verið um hálfur metri á ári undanfarin fjögur ár eins og hér sést:

2016 - 27,18 m
2018 - 28,36 m
2020 - 29,37 m

Ef tréð á Klaustri verður ekki fyrir áföllum má með sama áframhaldi búast við því að einhvern tíma sumarið 2022 verði fyrsta tréð á Íslandi orðið 30 metra hátt, í það minnsta síðan stórviðir uxu á landinu á hlýskeiðum ísaldar fyrir tugum þúsunda ára. Spennan magnast því í skógarlundinum á Kirkjubæjarklaustri. Hæsta tréð mælist nú 481 mm að þvermáli í brjósthæð. Nágranni þess, sömu tegundar, er nokkru gildvaxnari og mælist nú 690 mm að þvermáli í brjósthæð. Enn sverara er þó sitkagreni í Múlakoti sem gróðursett var 1934. Það er 708 mm að þvermáli samkvæmt nýrri mælingu og 23,55 metra hátt.

Texti: Pétur Halldórsson.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Fermingarmessur sunnudaginn 6. september. Af sóttvarnarástæðum geta einungis nánustu aðstandendur fermingarbarnanna verið við athafnirnar.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67 Selfossi, 5. sept. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12, með ræðu verður Kristinn Ólafsson. Verið velkomin.

Skálholtsdómkirkja
Fermingarmessa sunnudag kl. 14. Eitt barn fermt. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti Jón Bjarnason.

Samið við Ljósið um þjónustu við fólk á landsbyggðinni

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur styrkt Ljósið um 34 milljónir kr. til að veita fólki með krabbamein, sem búsett er á landsbyggðinni, og aðstandendum þeirra þjónustu með rafrænum hugbúnaði og bæta aðgengi íbúa um land allt að starfsemi Ljóssins. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára og munu fjármunirnir gera sérfræðingum Ljóssins kleift að auka faglega þjónustu í gegnum fjarfundarbúnað og efla samvinnu við aðra fagaðila á landsbyggðinni.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Elsa. B. Friðfinnsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu og Erna Magnúsdóttir, forstöðukona Ljóssins undirrituðu samninginn í húsakynnum Ljóssins við Langholtsveg.

Styrkurinn er veittur á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, en ein af aðgerðum hennar er að efla fjarheilbrigðisþjónustu. Samningurinn er í takti við áherslur í heilbrigðisstefnu stjórnvalda um að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu með innleiðingu á fjarheilbrigðislausnum.

„Það er afskaplega þýðingarmikið að íbúar á landsbyggðinni eigi tækifæri á að nýta sér endurhæfingarþjónustu Ljóssins til viðbótar við heilbrigðisþjónustu heima í héraði. Starfsfólk Ljóssins hefur unnið ómetanlegt starf á síðustu fimmtán árum og fyrir það ber að þakka," segir Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

„Samningurinn er mikilvægt skref í að bæta endurhæfingarferli krabbameinsgreindra um allt land. Þeir sem greinast með krabbamein og eru búsettir á landsbyggðinni hafa aðeins í litlum mæli átt kost á að nýta sér þjónustu Ljóssins hingað til," segir Erna Magnúsdóttir, forstöðukona Ljóssins.

Metaðsókn í Sundlaugina að Laugarskarði í sumar

Sundlaugin í Laugarskarði í Hveragerði var vel sótt eins og aðrar sundlaugar á Suðurlandi í sumar. Met aðsókn var í júlí eða alls 8500 gestir. „Það var ánægjulegt þegar heilbrigðisyfirvöld leyfðu opnun sundlauga í maí því það er endurnærandi fyrir líkama og sál að synda og fara í heit böð. Vel hefur gengið að sinna sóttvörnum og virða flestir sundlaugargestir fjarlægðartakmarkanir," segir Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi Hveragerðisbæjar.

Framkvæmdir hefjast á haustdögum

Húsnæðið er komið til ára sina en það var byggt 1963 eftir teikningum Gísla Halldórssonar, arkitekts. Undanfarin ár hafa verið viðhaldsverkefni á húsnæðinu og í haust er stefnt að heilmiklum endurbótum. „Endurbæturnar fela í sér stækkun og endurnýjun á búningsklefum og bætast við tveir fjölnota búningsklefar og sjúkraherbergi í vestari hluta hússins. Uppsetning á loftræstikerfi verður kláruð en hún mun þjóna öllu húsinu. Hönnuðir eru frá Verkís og Arkibúllunni ehf. Þess má geta að Margét Leifsdóttir arkitekt hjá Arkibúllan ehf. er barnabarn Gísla Halldórssonar sem teiknaði húsið og hefur verið horft til upprunans í hönnun og litasamsetningum," segir Jóhanna.

Rask á meðan unnið er að endurbótum – laugin lokar á meðan

Meðan unnið er að endurbótum verður rask á sundlaugarsvæðinu. „Sundlaugin verður lokuð frá 1. október á framkvæmdatíma sem er áætlaður til 1. apríl 2021. Það er horft til þess að hafa líkamsræktina, Laugasport, opna en ljóst er að starfsemin verður skert og mun sturtuaðstaða verða opin fyrir gesti í íþróttahúsum bæjarins þegar verður lokað fyrir vatnið," segir Jóhanna að lokum.

-gpp

Starfshópar í verkefninu Sveitarfélagið Suðurland teknir til starfa á ný

Vinna við verkefnið Sveitarfélagið Suðurland er komin aftur á skrið. Sveitarfélögin sem taka þátt í verkefninu eru: Skaftárhreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Mýrdalshreppur og Ásahreppur. Í byrjun apríl var ákveðið var ákveðið að gera breytingar á tímaáætlun verkefnisins í ljósi samkomutakmarkana vegna heimsfaraldurs Covid-19 og hefja vinnu að nýju eftir verslunarmannahelgi. Starfshópar verkefnisins hafa tekið til starfa á ný og er áætlað að þeir skili niðurstöðum til verkefnisstjórnar í lok september. Starfandi eru sex hópar um eftirfarandi málaflokka.

- Atvinnumál og byggðaþróun
- Eignir veitur og fjárfestingar
- Fræðslu- og félagsþjónustu
- Menningu, frístundir og lýðheilsu
- Samgöngu-, umhverfis- og skipulagsmál
- Stjórnsýslu og fjármál

Markmið með vinnu starfshópa er að fá fram upplýsingar um stöðu og sjónarmið fyrir mótun framtíðarsýnar, og stuðla að auknum samskiptum. Niðurstöður vinnunnar verða m.a. nýttar til undirbúnings íbúafunda. Minnisblöð starfshópanna verða birt á vefsíðu verkefnisins. Hér má finna upplýsingar um starfshópa.

Verkefnisstjórn verkefnisins mun í kjölfarið fjalla um minnisblöð starfshópa og undirbúa íbúafundi sem áætlað er að fari fram í lok október. Auk íbúafunda verður leitað annarra leiða til samráðs við íbúa.

Afstaða um sameiningarviðræður liggi fyrir í desember

Stefnt er að því að verkefnisstjórnin skili áliti sínu til sveitarstjórna fyrir miðan nóvember og að sveitarstjórnir taki afstöðu til þess hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður fyrir miðjan desember.

Verði það niðurstaða sveitarstjórna að hefja formlegar sameiningarviðræður er áætlað að atkvæðagreiðslur um sameiningu geti farið fram á árinu 2021. Samþykki íbúar sameiningu muni nýtt sveitarfélag taka til starfa í júní 2022, eftir sveitarstjórnarkosningar.

Falin perla við bakka Hvítár - stutt en samt langt í burtu

Í landi Hallanda í Flóahreppi er að finna einstaklega fallegt veiðisvæði við bakka Hvítár, í um 10 mínútna fjarlægð frá Selfossi. Svæðið er staðsett á vinstri bakka árinnar og nær veiðisvæðið frá efra svæði Stóra Ármóts til vesturs og að Langholtsfossum til austurs. Svæðið er mjög aðgengilegt en jafnframt alveg úr alfara leið sem eykur á alla upplifun. Í sumar bættist svo við lítið en huggulegt veiðihús sem gerir alla aðstöðu betri og gerir það að verkum að fjölskyldur með börn hafa verið dugleg að sækja svæðið heim.

Tvær stangir og stutt í veiðisvæðin

Veiðstaðirnir eru þrír á vinstri bakka Hvítár og veiðihúsið er alveg við mörkin á svæðinu þannig að veiðisvæðin eru „beint fyrir utan gluggann". Veiðdagurinn inniheldur tvær stangir og veiðitíminn er skipulagður þannig að fólk kemur seinnipartinn og veiðir fram á kvöld og svo aftur morguninn eftir og fram til hádegis. því fylgir aðgangur að húsinu þar sem fólk getur valið að dvelja yfir nótt. „Margir hafa valið að bóka nokkra daga í einu og blanda saman veiði, útivist og samveru við fjölskylduna auk þess að nýta sér þá þjónustu og afþreyingu sem í boði er hér á Suðurlandi" segir Magnús St. Magnússon í Hallanda.

Ágætis veiði í sumar

Þegar við spyrjum út í veiðina segir Magnús að það hafi verið ágætis veiði í sumar. „Þessir sólardagar voru ekkert að gera neitt fyrir veiðimenn almennt. Inn á milli komu samt þokkalegir sprettir og það tókst að fá fiska á land. Haustið hefur hins vegar verið einstaklega gott og fólk hefur verið að fá laxa, sjóbirting og bleikju og svo hefur berjaspretta verið með eindæmum og margir farið frá okkur með ný veiddan fisk og marga lítra af bláberjum". *-gpp*

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2562 Miðvikudagur 2. september 2020

Uppbygging, líf og gleði í Hveragerðisbæ

Fremst á myndinni má sjá hús að rísa í Kambalandinu í Hveragerði. Í hægra horninu uppi, má sjá hvar er risið nýtt húsnæði í nýju iðnaðarhverfi sem er í uppbyggingu fyrir neðan þjóðveginn.

Mikil uppbygging á sér stað í Hveragerði um þessar mundir. Sé ekið um bæinn má sjá framkvæmdir hvert sem litið er. Verið er að gera nýjar götur uppi í svo kölluðu Kambalandi, í gamla bænum rísa ný hús þar sem áður voru aflögð gróðurhús og garðyrkjustöðvar. Byggingarnar eru af ýmsum toga og henta allavega fólki, en bærinn hefur verið vinsæll og allt selst sem fer á sölu. Við litum við hjá Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra Hveragerðisbæjar og fórum yfir stöðuna á framkvæmdum í Hveragerði um þessar mundir og hvernig það er að búa í Hveragerði.

Byggingar rísa í öllum hverfum bæjarins

„Það er verið að byggja svo til í öllum hverfum bæjarins. Ég man ekki eftir svona mikilli uppbyggingu á einum og sama tímanum. Byggðin er að þéttast mjög mikið. Það er verið að byggja á reitum þar sem áður voru garðyrkjustöðvar. Þá nýtur Hveragerði þeirrar sérstöðu að í miðbænum var mikið af mjög litlum húsum á mjög stórum lóðum. Eigendur þessara lóðaréttinda eru að þétta hjá sér og óska eftir auka byggingareitum á baklóðum. Þá er verið að byggja í öllum útjöðrum bæjarins, eða í farvatninu að byrja að byggja,“ segir Aldís.

Byggingarnar eru á hinum ýmsu byggingarstigum, sumstaðar fólk að flytja inn, eða þá að verkefnið er enn á teikniborðinu. „Hérna austast í bænum mun koma gata sem við köllum Hólmabrún. Það er ekki ólíklegt að það verði farið í úthlutun á þessum lóðum á næsta ári eða þarnæsta. Þessar lóðir eru alveg einstakar útsýnislóðir og fólk mun njóta gæðanna af nálægð við útivistarsvæðin, með útsýni yfir Varmána og fá sólarupprásina beint í æð.“

Á Edenreit hafa hlutirnir gerst hratt og íbúðirnar þar vinsælar, enda blokkirnar smekklegar. „Það er gert ráð fyrir því að á reitnum verði um 80 íbúðir. Helmingurinn af því er að rísa, eða er risinn og fólk flutt inn,“ segir Aldís.

Blönduð byggð í Kambalandinu

Kambalandið var keypt fyrir nokkru síðan af Hveragerðisbæ en svæðið var eignaland í eigu annarra. „Ég tel að það hafi verið gríðarlegt heillaskref fyrir Hveragerðisbæ sem þar með gat stjórnað uppbyggingunni og uppbyggingarhraðanum. Við breyttum deiliskipulaginu sem þarna var í gildi með það fyrir augum að fjölga aðeins íbúðunum og hafa fjölbreyttara úrval af búsetukostum,“ segir Aldís. Í Kambalandinu verða lágreist þriggja hæða fjölbýlishús, talsverður fjöldi af raðhúsum og einbýlishús.

Raunverulegur valkostur fyrir fólk að búa fjarri höfuðborginni

Talið berst að því hverskonar íbúar það eru helst sem sækja til bæjarins segir Aldís: „Það er allskonar fólk. Það er að flytja mjög mikið af íbúum hingað frá höfuðborginni og við finnum það. Það er orðinn raunverulegur valkostur fyrir fólk sem býr og vinnur á höfuðborgarsvæðinu að flytja hingað austur og vinna áfram á höfuðborgarsvæðinu. Síðan kennir Covid-19 okkur að það er líka hægt að vinna heima. Það er líka verið að kenna vinnustöðum landsins, mjög hratt, að störf án staðsetningar eru raunverulegur valkostur. Það er ekki endilega nauðsynlegt að það sitji allir við skrifborð á sama tíma, á sama stað, í sama húsi.“ Við Aldís ræðum þetta um stund og erum sammála um að samfélaginu hafi verið sparkað mjög hratt inn í nýja tíma og að áhrifanna komi til með að gæta austan við Hellisheiðina mun hraðar en við gerum okkur almennt grein fyrir. Talandi um atvinnu, þá er nýtt iðnaðarhverfi að rísa fyrir neðan þjóðveginn. „Farðu þarna niður eftir og þú verður dálítið hissa“, segir Aldís við mig og brosir út í annað. Uppbygging er orð dagsins.

Vel tekið á móti íbúum sem vilja flytja til Hveragerðis

„Það hefur skapast ofboðslega skemmtilegt samfélag hér í Hveragerði. Fólk heilsast á götu, því er ekki sama um náungann og jákvæður andi er í bænum. Mér finnst það vera ástæða þess hversu vel við komum út úr ánægjuvoginni ár eftir ár. Við erum það sveitarfélag á Íslandi þar sem íbúar eru hvað ánægðastir með þjónstuna.“ Við spyrjum áfram hvernig það sé að koma sem nýr íbúi til Hveragerðis. Aldís er ekki lengi að svara og segir: „Það er tekið mjög vel á móti nýju fólki. Ég heyri ekki annað en langsamlega flestum líki afskaplega vel. Við njótum þeirra gæða ennþá að vera tiltölulega lítið sveitarfélag þar sem það er einfalt að tilheyra og stutt í alla þjónustu. *-gpp*

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

GRAFA SMÁ?
SMÁGRÖFUR TIL LEIGU
Í GRÍMSNESI OG NÁGRENNI
GROFULEIGA.IS
S. 695 1446

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25 ára

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is